

Hinir ákærðu greiði in solidum allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun, kr. 100.00, til skipaðs verjanda síns, hrm. Eggerts Claessen.

Rekstur málsins hefir verið vítalaus.

Mánudaginn 14. desember 1936.

Nr. 98/1936. Valdstjórnin (Sveinbjörn Jónsson)

gegn

Þorvaldi Jónassyni (Eggert Claessen).

Maður dæmdur fyrir ólöglega sölu áfengis.

Dómur lögregluréttar Gullbringu- og Kjósarsýslu 6. júní 1936: Kærður, Þorvaldur Jónasson, greiði kr. 800.00 í sekt til menningarsjóðs og komi einfalt fangelsi í 40 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 30 daga frá lögbirtingu dóms þessa.

Hann greiði allan af málinu leiddan og leiðandi kostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Vitnin Markús Ármann Guðjónsson, Gunnlaugur Óskar Egilsson og Pétur Hafsteinn Björnsson hafa borið það, að á uppstigningardag, 21. maí þ. á., hafi þeir allir verið staddir í Sandgerði og þá komið sér saman um að fara inn í Garð til kærða í því skyni að kaupa af honum áfengi. Kveðast þeir Markús Ármann og Gunnlaugur Óskar hafa verið búnir að drekka nokkuð af Vermouth áður um daginn, en síðan ákveðið að leita til kærða, er þeir hafi heyrt að fengist við áfengissölu, og slóst Pétur Hafsteinn þá í för með þeim. Er þeir félagar komu til kærða fór Markús Ármann fyrst á fund hans til að fala af honum áfengi, en þeir Gunnlaugur og

Pétur biðu lítið eitt þar nálægt, en gengu síðan heim til kærða og var boðið til stofu. Kom kærði þangað til þeirra með þriggjaflösku af brennivíni úr Áfengisverzlun ríkisins, og kveðst Markús hafa verið búinn að greiða fyrir hana 10 krónur án þess að félagar hans væru þá viðstaddir. Drukku þeir þrír síðan upp úr flöskunni þarna í stofunni, en er hún var tæmd komu þeir sér saman um að kaupa meira áfengi. Lagði Pétur fram 5 krónur í því skyni, en Gunnlaugur 3—4 krónur. Tók Markús við peningunum og fór til kærða og fékk hjá honum aðra flösku af samskonar brennivíni. Kveðst Markús hafa greitt kærða fyrir flöskuna peninga þá, er þeir Pétur og Gunnlaugur lögðu til. Er þeir félagar höfðu fengið seinni flöskuna, fóru þeir á stað aftur til Sandgerðis og drukku eitthvað úr flöskunni á leiðinni en týndu henni svo með því, sem eftir var í henni. Framangreindan framburð hafa þeir Gunnlaugur og Pétur staðfest með eiði, en Markús Ármann færðist undan því að vinna eið að framburði sínum, þar eð hann hefði verið nokkuð undir áhrifum áfengis, er framanskráð fór fram. Hann hefir hinsvegar haldið fast við það, að framburður hans væri réttur og í engu viljað breyta honum.

Kærði hefir kannast við það, að þeir félagar hafi komið til sín umræddan dag og fengið hjá sér fyrst eina flösku af brennivíni og síðan aðra flösku, næstum fulla, af samskonar víni, er þeir hafi drukkið eitthvað úr, en síðan haft á burt með sér. Kveðst kærði hafa gefið þeim félögum áfengi þetta og enga borgun fyrir það tekið. Kveðst hann hafa verið kunnugur Markúsi áður, en að því er virðist hvorki þeim Gunnlaugi né Pétri.

Kærði hefir, auk annarra brota, þrisvar hlotið refsingu fyrir brot á áfengislöggjöfinni, þar á meðal fyrir ólöglega áfengissölu. Öll vitnin, sem borið hafa í máli þessu, eru sammála um það, að það sé í almæli þar syðra, að kærði fáist við áfengissölu, og hafa 5 þeirra staðfest þann framburð með eiði, þar á meðal vitnin Árni Pálsson og Sigurbergur Þorbergsson, sem báðir kveðast hafa keypt áfengi af kærða án þess þó að aðrir væru viðstaddir kaupin. Styðst framburður Árna og af eiðfestum framburði vitnisins Ársæls Valdimars Sveinbjarnarsonar, bifreiðarstjóra, sem kveðst hafa ekið Árna í umrætt skipti frá Sandgerði til kærða, og hafi Árni haft meðferðis flösku af áfengi, er hann kom aftur frá kærða. Þá hefir kærði og viðurkennt það, að hann hafi enga atvinnu haft síðastliðinn vetur. Með tilliti til alls þessa, þykir ekki vera hægt að taka það trúanlegt hjá kærða, gegn eindregnum framburði vitnanna Markúsar Ármanns, Gunnlaugs Óskars og Péturs Hafsteins, að hann hafi gefið þeim áfengi það, er þeir fengu hjá honum 21. maí þ. á., og áður er frá skýrt. Það væri og allsendis ólíklegt, að vitnin Gunnlaugur og Pétur, sem báðir hafa unnið eið að framburði sínum, eins og fyrr segir, hefðu ekki orðið þess áskynja, ef kærði lét þá féлага hafa umrætt áfengi ókeypis, bæði það, er þeir neyttu í húsum hans og eins hitt, er þeir höfðu burt með sér af heimili hans.

Samkvæmt framansögðu þykir mega telja sannað, að kærði hafi í umrætt skipti gerzt sekur um ólöglega sölu áfengis. Og með því að brot kærða er af undirdómaranum heimfært undir réttar greinar áfengislaganna, og sekt sú, sem honum er gert að greiða, þykir hæfilega ákveðin, þá ber að staðfesta

hinn áfrýjaða dóm að niðurstöðu til, þó þannig, að greiðslufrestur sektarinnar ákveðst 4 vikur frá birtingu dóms þessa. Þá ber og að dæma kærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, 80.00 krónur til hvors.

Við rannsókn máls þessa er það aðfinnsluvert, að framburður vitnisins Sigurbergs hefir ekki verið borinn undir kærða svo séð verði, að kærði hefir hvorki verið sjálfur viðstaddur eiðfestingu vitna í málinu, né honum skipaður svaramaður við eiðfestingu þeirra, að ekki verður séð, að vitnunum Markúsi Ármanni og Jóni Jens Ingimundarsyni, sem skorudust undan því að vinna eið að framburði sínum, hafi verið bent á, að þeir ættu aðeins að vinna eið að því, að framburðir þeirra væru gefnir eftir beztu vitund og eftir því, sem þeir myndu bezta, að hegningarvottorðs kærða frá Siglufirði hefir ekki verið aflað, en í réttarhaldi 27. maí þ. á. kveðst hann meðal annars hafa dvalizt þar eftir 14 ára aldur, og loks, að enda þótt hegningarvottorð kærða beri með sér, að hann hafi verið dæmdur í lögreglurétti Reykjavíkur 18. júní 1931, fyrir brot á áfengislögunum, og sektaður í sama rétti 9. júní 1932, fyrir ólöglega áfengissölu, þá hafa útskriftir af dómum þessum, eða dómi og sektarákvörðun, ekki verið lagðar fram í málinu, en útskrift af dómi aukaréttar Gullbringu- og Kjósarsýslu frá 19. okt. 1935, sem fram var lögð í málinu, hefir ekki fylgt dómsgerðunum hingað til réttarins.

Því dæmist rétt vera:

Hinum áfrýjaða dómi skal óraskað, þó þannig, að greiðslufrestur sektarinnar verði 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Kærði, Þorvaldur Jónasson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda í hæstarétti, hæstaréttarmálflutningsmannanna Sveinbjarnar Jónssonar og Eggerts Claessen, 80 kr. til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er af valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn Þorvaldi Jónassyni, bónda í Hlíð í Garði í Gullbringusýslu, fyrir brot gegn áfengislögum nr. 33, 9. janúar 1935, og eru málavextir þeir, er nú skal greina:

Samkvæmt úrskurði lögregluréttar Gullbringu- og Kjósarsýslu, þann 25. maí þetta ár, gerði Björn Bl. Jónsson, lög-gæzlumaður, daginn eftir, húsleit á heimili kærðs eftir ólöglegu áfengi og bruggunartækjum. Við húsleitina fundust engin bruggunartæki og ekkert ólöglegt áfengi, en vinlykt fannst uppi á lofti í húsinu og úr tunnu, er úti fyrir stóð.

Kærður hefir neitað því, að hann hafi fengizt við bruggun áfengis eða sölu.

Með því að mjög sterkur orðrómur hefir leikið á, að kærður fengist við áfengissölu heima hjá sér í Hlíð, hefir reki verið að því gerður að upplýsa um áfengissölu kærða og við þær eftirgrennslanir hafa mörg vitni komið fram, er bera það, að þau hafi keypt áfengi af kærðum ellegar hafi vitað til þess, að kærður seldi áfengi. Skal nú grein gerð fyrir vitnisburðum þessum.

1. Vitnið Sigurbergur Þorbergsson hefir skýrt frá því, að rétt fyrir lok síðustu vetrarvertiðar hafi hann keypt

eina flösku af brennivíni (svonefndum Svartadauða) af kærðum og rétt eftir lokin keypti hann 3 flöskur af sama víni fyrir sama verð hverja flösku. Hefir vitnið og borið það, að það hafi verið almanna rómur í nágrenni kærðs í Út-Garðinum, að hann seldi áfengi. Framburð þennan hefir vitnið staðfest með eiði sínum.

Vitnið Árni Pálsson hefir borið, að kl. 2 um nóttina, sem lokaballið í Sandgerði var haldið í vor, hafi það farið heim til kærðs og keypt af honum 3 flöskur af brennivíni og eina flösku af víni, sem vitnið áleit að væri smyglað, og borgaði það 40 krónur fyrir allar flöskurnar. Kl 5½ sömu nótt keypti vitnið af kærðum 1 brennivínsflösku fyrir 10.00 kr. Hefir vitnið haldið því fram, að almennt sé talið, að kærður hafi fengizt við áfengissölu. Framburð þennan hefir vitnið staðfest með eiði.

Framburð þessa vitnis styrkir ennfremur eiðfestur framburður vitnisins Ársæls Valdimars Sveinbjörnssonar.

3. Vitnið Jón Jens Ingimundarson hefir mjög eindregið borið, að það hafi þrisvar sinnum nú í vor keypt brennivín af kærðum, eina flösku í hvert skipti, og kostaði hver flaska 10.00 kr., en það hafi fengið gjaldfrest á andvirðinu.

4. Á uppstigningardag síðastliðinn fóru vitnin Markús Ármann Guðjónsson, Pétur Hafsteinn Björnsson og Gunnlaugur Óskar Egilsson heim til kærðs og keypti Markús fyrst eina brennivínsflösku af kærðum fyrir kr. 10.00, og drukku þeir félagar úr henni inni í stofu hjá kærðum. Síðar um daginn skutu þeir Pétur og Gunnlaugur saman fyrir annarri brennivínsflösku og keypti Markús fyrir þá peninga aðra flösku af kærðum. Engir voru viðstaddir vínkaup þessi nema kærður og Markús.

Pétur og Gunnlaugur sáu ekki, þegar vinsalan fór fram, en voru með sjálfum sér þess algerlega fullvissir, að hún hefði farið fram. Annars hefir framburður þeirra um atvik þetta verið glöggur og hafa þeir báðir staðfest hann með eiði sínum.

Markús hefir ekki eiðfest sinn framburð, en framburður hans er mjög eindreginn og kemur heim við hina eiðfestu framburði Péturs og Gunnlaugs.

Vitnaframburðir þessir, sem allir eru mjög eindregnir og margir eiðfestir, skapa að áliti réttarins svo sterkar

líkur fyrir því, að kærður hafi fengið við áfengissölu, að nægilega sterkur grundvöllur virðist fenginn til sakfellingar kærðs og þykir rétt að heimfæra brot hans undir 15. gr. sbr. 33. gr. áfengislaga nr. 33, 9. janúar 1935.

Kærðum hefir verið refsað sem hér segir:

Með dómi aukaréttar Húnavatnssýslu 23. júlí 1924 dæmdur skilorðsbundið í 40 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi fyrir sauðabjófnað, með dómi aukaréttar Reykjavíkur 16. júní 1926 dæmdur í 3×5 daga fangelsi við vatn og brauð fyrir brot gegn 230. gr. hgl., sektaður í lögreglurétti Reykjavíkur 27. marz 1931 um kr. 20.00 fyrir brot gegn bifreiðarlögunum, dæmdur í sama rétti 18. júní 1931 í 125 króna sekt og sviptur ökuleyfi í 6 mánuði fyrir brot gegn áfengis- og bifreiðarlögum, sektaður í sama rétti 9. júní 1932 um kr. 600.00 fyrir ólöglega áfengissölu og loks dæmdur í aukarétti Gullbringu- og Kjósarsýslu 19. október 1935 í fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í 90 daga og sviptur ökuleyfi æfilangt fyrir brot gegn 231. gr. 4. lið almennra hegningarlaga, 4. gr. laga nr. 70, 8. sept. 1931 og 5. gr. sömu laga sbr. 21. gr. laga nr. 9, 9. janúar 1933 (sic).

Refsing sú, er kærður hefir til unnið með framangreindri áfengissölu sinni, þykir hæfilega ákveðin kr. 800.00 í sekt til menningarsjóðs og komi einfalt fangelsi í 40 daga í stað hennar verði hún ekki greidd innan 30 daga frá lögbirtingu dóms þessa.

Hann greiði allan af máli þessu leiddan og leiðandi kostnað.

Á máli þessu hefir enginn óþarfur dráttur orðið.
